

Nefndarsvið alþingis
Bt. Umhverfis- og samgöngunefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 76/2020 um Orkusjóð. Mál nr. 942. á 154.löggjafarþingi.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp. Ráðið skilaði umsögnum á fyrri stigum og telur meginefni þess til bóta og að með því séu stigin skref í átt að einfalda styrkveitingarkerfi hins opinbera. Núverandi skipulag styrkveitinga ráðuneytisins er óþarflega flókið og kostnaðarsamt. Sá vandi takmarkast ekki við umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið og má finna víðar í sjóðakerfi hins opinbera.

Viðskiptaráð fagnar áformum um aukinn stuðning við nýsköpun og grænar lausnir en telur að þeim markmiðum megi ná fram með skilvirkari hætti með því að festa endurgreiðslur vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar í sessi. Að öðru leyti er erfitt að sjá annað en að sjóðurinn auki á þann vanda sem honum er ætlað að leysa í ljósi þess að orkuframboð hefur staðið nánast óbreytt undanfarin ár. Forgangsraða ætti í ríkisfjármálum til að liðka fyrir uppbyggingu í orkukerfinu.

Niðurgreiðsla raforkutækja í orkuskortri er ekki skynsamleg ráðstöfun

Ætíð þarf að skoða hvernig skynsamlegast er að ráðstafa opinberum fjármunum. Á meðan framboð orku annar ekki eftirspurn telur Viðskiptaráð að ráðstöfun skattfjár til niðurgreiðslu kaupa á tækjum sem ganga fyrir raforku beri vott um ranga forgangsroðun. Leggið hefur fyrir í nokkurn tíma að orka á Íslandi yrði uppseld. Á undanförunum árum hefur eftirspurn eftir grænni og endurnýjanlegri orku aukist mikið en framboðshliðin er nær óbreytt. Seinagangur í leyfisveitingaferli, langir kærufrestir og tafir við afgreiðslu á rammaáætlun hægja á eða koma í veg fyrir nýtingu virkjanakosta og þar með aukna orkuframleiðslu.

Sé markmiðið með sjóðunum að flýta fyrir orkuskiptum væri betri ráðstöfun að auka framboð grænnar raforku. Það mætti gera með því að einfalda leyfisveitingakerfi, afgreiða rammaáætlun og styrkja stofnanir sem fara með orkumál með það fyrir augum að flýta fyrir afgreiðslu og úrlausnum kærumála.

Stuðningur við nýsköpun og fyrirkomulag þess skiptir sköpum

Viðskiptaráð fagnar áformum um að leggja aukna áherslu á nýsköpun og græna atvinnuuppbyggingu þegar kemur að því að standa við skuldbindingar okkar í loftslags- og umhverfismálum.

Fjöldmörg fyrirtæki starfa á þessum vettvangi og nauðsynlegt að umhverfi þeirra sé samkeppnishæft í alþjóðlegum samanburði. Í þeirri viðleitni hafa stjórnvöld stutt við nýsköpun í formi endurgreiðslna vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar (R&B). Árið 2020 var bæði þak og endurgreiðsluhlutfall vegna R&B hækkað og skilaði sú ráðstöfun sér fljótt í auknum umsvifum þótt hún hafi aðeins verið tímabundin.

Til að styðja við græna nýsköpun mætti nýta hluta fjármuna sameinaðs sjóðs til að festa endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar í sessi. Óvissa ríkir um hvort tímabundin hækkun á endurgreiðslum vegna R&B verði fest í sessi, en þessi frumvarpsdrög fela í sér að stuðningur verði aukinn við nýsköpun í gegnum umræddan sjóð. Þó svo að það teljist jákvætt að stjórnvöld hyggist styðja við nýsköpun dregur það úr fyrirsjáanleika og fýsileika fjárfestinga að stuðningsúrræðum sé breytt með reglubundnum hætti. Að mati Viðskiptaráðs er því nærtækara að útfæra stuðninginn við græna nýsköpun í gegnum endurgreiðslur í R&B og skapa því kerfi skýran og varanlegan ramma.

Sjóðaumhverfi ríkisins er of kostnaðarsamt

Ástæða er til að hrósa þeirri viðleitni að fækka sjóðum og gera þá skilvirkari. Að mati Viðskiptaráðs eru sjóðir ríkisins of margir og of litlir til að ná yfirlýstum markmiðum. Sumir þeirra eru dýrir í rekstri og í þeim felst því óskilvirk ráðstöfun á opinberu fé. Viðskiptaráð hefur sett fram 28 tillögur sem snúa að sjóðum ríkisins, þar af fimm sem snúa að rekstri sjóðanna og 23 tillögur sem er ætlað að einfalda sjóðakerfið.

Tillögur Viðskiptaráðs myndu fækka sjóðum ríkisins um helming og spara 2.500 milljónir króna miðað við úthlutanir árið 2022

| Tillögur | Fjöldi sjóða | Kostnaður (m. kr.) ¹ | | Tillögur ² | |
|---|--------------|---------------------------------|---------|-----------------------|---------------------|
| | | Úthlutun | Umsýsla | Fjöldi | Sparnaður (m. kr.) |
| Árið 2022 | 79 | 22.120 | 989 | | |
| Aflagning | -11 | | | 11 | 2.371 |
| Sameiningar og rekstrarviðmið | -23 | | | 12 | 199 |
| Eftir tillögur Viðskiptaráðs ² | 45 | 19.895 | 645 | 28 | 2.569 m. kr. |

1. Úthlutanir og umsýslukostnaður. 2. Áætlaður sparnaður er bæði vegna úthlutunar og umsýslukostnaðar, í tilfalli hreinna og faglegra sameininga er áætlað að umsýslukostnaður sameinaðs sjóðs sé ekki meiri en sá sem lægstan umsýslukostnað bar fyrir sameiningu. Sparnaður vegna rekstrarskiptyrða er einnig meðtalinn. Heimildir: Alþingi, Stjórnarráðið, ársreikningar sjóða og viðkomandi stofnana, Viðskiptaráð Íslands.

Tillögum má skipta í sameiningar, aflagningar og rekstrarskilyrði. Með þeim mætti spara ríkissjóði tæplega 2.600 milljónir króna og lækka umsýslukostnað um meira en þriðjung. Þær myndu einnig auka skilvirkni í rekstri og bæta gagnsæi í útdeilingu á skattfé. Tillögurnar mundu jafnframt tryggja betri yfirsýn yfir rekstur sjóða og að umsýslukostnaður sé innan eðlilegra marka. [Tillögurnar má nálgast hér.](#)

Að lokum vill Viðskiptaráð minna á þá afstöðu sína að farsælla sé að lækka skatta á fyrirtæki og skapa þeim þannig hagkvæmara rekstrarumhverfi í stað þess að koma á kerfi til að útdeila fjármunum aftur til þeirra með tilheyrandi kostnaði og íhlutun. Að því sögðu telur Viðskiptaráð að tiltekinni stefnu stjórnvalda geti fylgt kostnaður sem eðlilegt er að þau reyni að koma til móts við. Í áformum um loftslags- og orkusjóð endurspeglast þau sjónarmið, en mikilvægt er að aðgerðir ráðist einnig af aðstæðum í ríkisfjármálum og ákveðnu raunsæi um hvort unnt sé að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið í loftslagsmálum án þess að stjórnvöld setji fram raunhæfa og tímasetta áætlun um frekari orkuöflun.

Viðskiptaráð hvetur til þess að sjóðirnir verði sameinaðir en hlutverk þeirra og umfang verði endurskoðað.

Virðingarfyllst,



Gunnar Úlfarsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs